

Mál nr. 88/2016**M1 og M2****og****vátryggingafélagið V v/ ferðasjúkra- og ferðarofstryggingar erlendis.****Ágreiningur um rétt til endurgreiðslu ferðakostnaðar vegna rofs á orlofsferð.****Gögn.**

Málskot, móttakið 21.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 5.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 23. apríl 2015 héldu M, þ.e. M1 og M2, flugleiðis í orlofsferð til Berlínar þar sem þau hugðust dveljast til 26. sama mánaðar eða í þrjá daga. Er þau voru á leiðinni til Berlínar veiktist M1 um borð í flugvélinni þannig að lenda þurfti í Bergen í Noregi og þar var hún flutt á sjúkrahús. Eftir 11 daga dvöl á sjúkrahúsinu var henni leyft að halda aftur til Íslands.

M hafa í gildi fjölskyldutryggingu hjá V og einn þáttur vátryggingarinnar er svokölluð ferðasjúkra- og ferðarofstrygging erlendis. M hafa krafist þess að fá ferðakostnað vegna ferðarinnar til Berlínar endurgreiddan úr þessum þætti vátryggingarinnar. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í umræddri ferðasjúkra- og ferðarofstryggingu er svofellt ákvæði varðandi endurgreiðslu kostnaðar vegna orlofsferðar: „Verði orlofsferð rofin samkvæmt fyrirmælum læknis áður en hún er hálfnuð eða hafi vátryggður legið á sjúkrahúsi a.m.k. hálfan ferðatímann, þá greiðir félagið andvirði ferðar sjúklingsins. Verði ferð rofin án þess að ofangreindum skilyrðum sé fullnægt, greiðir félagið hvorki ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanferð í stað þeirrar sem rofin var. Hámark bóta vegna ferðarofs er 10% af hámarkssjúkrakostnaði vátryggingarinnar sem gildir í Evrópu utan Sviss. Bætur greiðast einungis vegna ferðar sem varir sex daga eða lengur.“

Aðila greinir á um hvort réttur til bóta hafi stofnast með vísan til síðasta málsliðar hins tilvitnaða skilmálaákvæðis, þ.e. hvort um hafi verið að ræða ferð sem ekki myndi vara í sex daga eða lengur eða hvort ferðin hafi varað í 11 daga að teknu tilliti til sjúkrahúsvalar M1 í Noregi.

Hið umdeilda skilmálaákvæði lýtur að rétti vátryggðs til greiðslu á andvirði orlofsferðar ef ferðin er rofin samkvæmt fyrirmælum læknis áður en hún er hálfnuð eða vátryggður hafi legið á sjúkrahúsi a.m.k. hálfan ferðatímann. Vart fer á milli mála að í þessu tilviki er með ferðatíma átt við þann tíma sem sjálfri orlofsferðinni er ætlað að vara. Þegar gert er að skilyrði fyrir greiðslu bóta í lokamálslið ákvæðisins að einungis séu greiddar bætur vegna ferðar sem varir í sex daga eða lengur verður það ekki slitið frá efnisinnihaldi greinarinnar að öðru leyti. Verður því ekki hjá því komist að líta svo á að skilyrðið um sex daga lágmarksferðatíma eigi við um þann tíma sem sjálfri orlofsferðinni var ætlað að vara. Tíminn sem M1 dvaldist á sjúkrahúsi í Noregi getur ekki talist til þess tíma sem orlofsferð þeirra var ætlað að vara. Hér verður því það líta til þess að orlofsferðin átti að vera frá 23. til 26. apríl 2015 eða einungis í þrjá daga. Með vísan til lokamálsliðar skilmálaákvæðisins fullnægði orlofsferðin ekki skilyrði um lágmarksferðatíma. Þau eiga því ekki rétt á bótum úr umræddum vátryggingarþætti fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr ferðasjúkra- og ferðarofstryggingu erlendis hjá V.

Reykjavík, 25. maí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.